



# GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

Innra mat 2021-2022

Stjórnendur Grunnskólans í Borgarnesi

Grunnskólinn í Borgarnesi

## **Innra mat**

Skólaárið 2021 – 2022

Niðurstöður úr innra mati skólans

Unnið af Kristínu Maríu Valgarðsdóttur og Ragnhildi Kristínu Einarsdóttur

## Efnisyfirlit

Forsendur innra mats .....	3
Lagalegur grunnur .....	3
Tilgangur .....	3
Framkvæmd.....	3
Um skólann.....	3
Innra mat skólaárið 2021 - 2022 .....	4
Stjórnun og fagleg forysta .....	4
Próunarverkefni.....	5
Líðan nemenda.....	7
Samstarf heimila og skóla.....	7
Nám og námsárangur .....	8
Íslenska - lestur.....	8
Samræmd próf.....	11
Innra mat .....	11
Skólabragur.....	12
Úrbótaáætlun .....	13
Langtímaáætlun um innra mat.....	14

## Forsendur innra mats

### Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólstarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti og þeir sem komi að matinu séu starfsmenn skóla, foreldrar og nemendur. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólstarfinu séu að leggja mat á sitt starf, kennsluna, námið og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

### Tilgangur

Innra mat er lagt fyrir í þeim tilgangi að finna það sem vel er gert í skólstarfinu, finna það sem gera má betur og hvort sú þjónusta sem skólinn veitir er í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Niðurstöður úr innra mati á að nýta vel til að gera starfið enn betra. Á grundvelli niðurstaðna skal gerð tímasett úrbótaáætlun. Mikilvægt er að hún sé raunhæf og henni sé fylgt markvisst eftir. Skýrslu um innra mat skal skila til sveitarfélagsins, strax að skóla loknum að vori.

### Framkvæmd

Í langan tíma hefur matskerfið Gæðagreinar verið notað við skólann. Ásamt Gæðagreinum notuðum við fleiri þætti sem fram koma hér að neðan til að fá heildstæðari sýn á skólstarfið sem nær til allra/flestra þátta. Ákveðið var að nota eftirfarandi þætti til gagnaöflunar:

- Skólapúlsinn
- Lesfimi
- Starfsmannaviðtöl
- Niðurstöður teyma

## Um skólann

Í lok skólaárs 2021 – 2022 voru 333 nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi, í 1. – 10. bekk og hafa nemendur ekki verið fleiri svo áratugum skiptir. Kennarastöður við almenna kennslu, bókasafn og Búbbli voru 31,9 þar af 21 umsjónarkennari en við sérkennslu, og þroskaþjálfun voru 4,3 stöður. Á yngsta stigi eru 1. – 4. bekkur, á miðstigi 5. – 7. bekkur og á unglingsstigi 8. – 10. bekkur. Töluverð samvinna er innan stiga og einnig eru verkefni þvert á alla árganga.

Húsnæðið hefur að stórum hluta verið endurnýjað en skólalóð en enn ókláruð. Það er brýnt að ljúka því verkefni sem og ganga frá lausum endum hvað húsnæðið varðar. Þegar fjölgun nemenda er eins og hún var í vetur þá þrengist í skólanum, sérstaklega á yngsta stigi.

Frístund er rekin í skólanum frá kl. 13.00 – 16.00 á daginn og eru 60 – 80 börn sem nota þá þjónustu. Þetta þrengir einnig að eðlilegri starfsemi skólans og er brýnt að finna lausn á því.

Helstu upplýsingar um skólstarfið má finna á heimasíðu skólans. Þar má finna tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og viðmiðum aðalnámskrár, svo sem skóladagatal, starfsáætlun, eineltisáætlun,

jafnréttisáætlun, forvarnaráætlun og móttökuáætlanir. Verkaskipting skólastjórnenda er skráð og skipurit skólans er birt í starfsáætlun. Skólastjórnendur funda reglulega, vinna saman og miðla upplýsingum sín á milli.

Einkunnarorð skólans eru sjálfstæði, ábyrgð, virðing, samhugur.

## Innra mat skólaárið 2021 - 2022

Á hverju ári er framkvæmt innra mat í skólanum samkvæmt ákveðinni áætlun. Í febrúar 2021 fór fram ytra mat í skólanum þar sem skoðaðir voru þættirnir „stjórnun og fagleg forysta“, „nám og kennsla“, „innra mat“ og skólabragur. Haustið 2021 tók rýnihópur til starfa og og vann tillögur að úrbótum. Í vetur var hafist handa við þá vinnu og næstkomandi haust verður gerð áætlun til fjögurra ára um endurbætur á þeim þáttum sem áður greinir frá. Það er þó ljóst að sá tími sem ákveðinn var þar til úrbóta er of stuttur og því verður gerð áætlun til 4 ára á næsta skólaári en byggir á áætluninni frá rýnihópnum.

## Stjórnun og fagleg forysta

Þeir þættir sem teknir voru fyrir á skólaárinu undir þessum þætti úr ytra mati voru:

- **Tryggja tækifæri til samstarfs milli yngsta, mið- og unglingastigs.**
- Eftir að að samkomutakmörkunum lauk í febrúar tók við tímabil Covid meðal starfsmanna og nemenda í skólanum. Þá var horfið til fyrra skipulags, að vinabekkir hittust og samvera jókst. Áfram verður unnið að þessu á komandi skólaári, m.a. með vinabekkjarsamveru.
- **Líðan starfsmanna**
  - Leita leiða til að efla liðsheild í starfsmannahópnum: Athygli beindist að því að bæta líðan starfsmanna en það var tilfinning stjórnenda að álag vegna Covid hefði áhrif á líðan starfsmanna. Í því sambandi kom Aldís Arna Tryggvadóttir, markþjálfari, með fyrirlestur, „Árangursrík streitu- og vellíðunarstjórnun,“ og mæltist það vel fyrir. Í starfsmannaviðtölum tala starfsmenn um að handleiðsla sem við höfðum fengið fyrir starfsmenn árið áður hefði verið mjög gagnleg og óskuðu eftir því að slíkt yrði í boði aftur. Hugmyndir hafa verið uppi um að gera áætlun sem miðar að vellíðan starfsmanna. Það hefur verið rætt við fræðslustjóra.
  - Leggja reglulega fyrir starfsmannakannanir til að fylgjast með líðan og viðhorfum starfsfólks: Tvær líðankannanir í febrúar og maí en ekki náðist þátttaka þannig að ekki er hægt að byggja á niðurstöðum þeirra í innra mati. Þá var spurt um eftirfarandi þætti í starfsmannaviðtölum:
    - Líðan í starfi. 84% starfsmanna sögðu að líðan í vinnunni hefði verið góð eða mjög góð, 16% sögðu að hún hefði mátt vera betri en enginn sagði að sér hefði liðið illa.
    - Starfsaðstaða. 74% starfsmanna sögðu vinnuaðstöðu góða eða mjög góða, 20% sögðu að mætti bæta hana en 6% sögðu hana lélega.
    - Viðbrögð stjórnenda við streitu starfsmanna. 68% starfsmanna sögðu að brugðist hefði verið við streitu í starfsmannahópnum á viðeigandi hátt. 12% sögðu að betur hefði mátt gera, 6% sögðu að illa eða ekki hefði verið brugðist við og 14% sögðust ekki hafa þurft á slíku að halda.

- Stuðningur frá stjórnendum. 78% starfsmanna sögðust frá góðan eða mjög góðan stuðning frá stjórnendum. 10% sögðu að stuðningur hefði mátt vera meiri, enginn sagði hann lélegan en 4% sögðust ekki hafa óskað eftir stuðningi.
  - Stuðningur frá vinnufélögum. 80% starfsmanna sögðustt fá góðan eða mjög góðan stuðning frá samstarfsfólki, 18% sögðu að hann hefði mátt vera meiri en enginn sagði hann lélagan eða engan.
- **Vinna þarf markvisst að því að efla og auka samstarf við foreldra.**  
Haustið 2021 var gerð markmiðsett áætlun um foreldrasamstarf. Ingvar Sigurðson professor var fengin til að stýra vinnu á starfsdegi og komu þar allir starfsmenn skólans að. Í kjölfarið var gerð markmiðsett áætlun með þátttöku allra kennara hvernig þeir ætla að efla þátt foreldra og virkja þá í samstarfi. Sjá niðurstöður á foreldrasamstarf á Samskrá.
  - **Tryggja samfellu í fundum skólaráðs með rafrænum hætti ef ekki er kostur á öðru.** Á þessu skólaári tókst að fylgja fyrirfram gerðri áætlun um fundi skólaráðs. Þó gekk ekki nógu vel að fá fólk til að mæta undir vorið.
  - **Skrá upplýsingar um þróunarverkefni, stöðu þeirra og framgang.** Þau þróunarverkefni sem eru ný eru Réttindaskóli UNICEF og Foreldrasamstarf. Gerð var markmiðsett áætlun með þátttöku allra umsjónarkennara hvernig þeir ætla að efla þátt foreldra og virkja þá í samstarfi. Í innleiðingu Réttindaskólans er ferli verkefnis fylgt með aðstoð utanaðkomandi aðila. Á komandi skólaári þarf að tilgreina nýja leiðtoga.

## Þróunarverkefni

Í skólanum hefur verið unnið að nokkrum þróunarverkefnum sem hér verða talin. Það eru starfandi teymi sem gefa lokaskýrslur að vori. Sum þeirra eru eldri en þurfa sífellt að vera í gangi.

## Grænfáninn

Skóli á grænni grein er verkefni sem skólann hefur verið þátttakandi í langan tíma. Skólinn hefur flaggað fánanum alls níu sinnum. Nú er unnið að verkefninu „Loftlagsbreytingar og samgöngur“ og hófst sú vinna á skólaárinu með því að kosin var ný umhverfisnefnd. Stefnt er að því að flagga á ný á komandi skólaári.

## Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar er einnig verkefni sem unnið hefur verið að í skólanum í langan tíma. Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og að styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Litið er svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna.

Uppeldi til ábyrgðar hefur fest sig í sessi í Grunnskólanum í Borgarnesi. Í öllum árgöngum eru bekkjarsáttmálar gerðir og nýttir yfir skólaárið til að áréttta samkomulag um samskipti og vinnubrögð sem nemendur og kennarar árgangsins gera með sér og er skráð í bekkjarsáttmála.

Sífelld fleiri starfsmenn tileinka sér orðræðu Uppeldis til ábyrgðar í samskiptum við nemendur. Það er grunnurinn að góðu gengi og liður í því að skapa góðan skólalag.

Við upphaf skóla var námskeið fyrir nýja starfsmenn og þá sem vildu auka þekkingu sína. Það voru Sæbjörg Kristmannsdóttir og Halldóra Rósa Björnsdóttir sem stýrðu því. Allir kennarar fengu bækling, líka list- og verkgreinakennarar þar sem tilgreint er hvað á að gera í Uppbyggingunni yfir veturinn. Starfsmönnum Frístundar var boðið að koma á haustkynningarfundinn. Fyrsta vika skólaársins var lögð undir Uppeldi til ábyrgðar og bæklingarnir hafðir til hliðsjónar.

Í uppbyggingateyminu voru Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, Anna Sólrún Kolbeinsdóttir, Bjarni Bachmann, Kolbrún Sæbjörg Kristmannsdóttir, Sigríður Hrund Hálfðanardóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir. Anna Sigríður var aðeins fyrri helming ársins.

Fundir voru haldnir tvistar í mánuði. Starfsfólk skólans gerði platta sem hanga núna fyrir framan hjá ritara. Leshópar fóru af stað í okt. Sex manns lásu saman bókina Uppeldi til ábyrgðar og umræður á eftir. Við hengdum upp tvö veggspjöld með hugmyndum fyrir kennara að verkefnum. Dagur gegn einelti var tileikaður Uppeldi til ábyrgðar. Þá unnu allir nemendur og starfsfólk skólans þarfahringi sem eru sýnilegum í skólanum og var settur inn á facebook síðu félagsins Uppeldi til ábyrgðar. Vinabekkir unnu saman. Kynning á þessu verkefni og undirbúningur var á starfsmannafundi skömmu áður. Starfsmannasáttmáli var gerður þetta skólaárið. Vegna Covid fór vinnan að hluta til fram á netinu. Starfsmannasáttmálinn var hengdur upp á kaffistofu starfsfólks í formi fallegrar myndar af fjallasýninni frá Borgarnesi.



Horft var á fyrirlestra tengda Uppbyggingunni frá öðrum skólum í gegnum félagið Uppeldi til ábyrgðar.

Mælt er með því að fyrsta vika skóla verði aftur tileinkuð uppeldi til ábyrgðar í skólalaginu. Þeir sem hafa enn ekki farið á byrjendanámskeið stefnunnar fara á námskeið í haust og einnig verður styttri kynning fyrir það starfsfólk sem byrjar í haust og hefur ekki tækifæri á að fara á tveggja daga námskeið á vegum Félags um uppeldi til ábyrgðar. Það er Sæbjörg Kristmannsdóttir kennari og leiðbeinandi Uppeldi til ábyrgðar sér um það.

#### Réttindaskóli UNICEF

Hafist var handa að við að innleiða vinnubrögð Réttindaskóla UNICEF. Það voru fengnir tveir leiðtogar úr kennarahópnum. Hér er skýrsla þeirra um verkefni vetrarins.

Innleiðing Barnasáttmálans gekk ekki sem skyldi. Það náðist að stofna réttindaráð en engir fundir voru haldnir, bæði vegna Covid og tímaleysis umsjónarmanna.

Við mælum með að þeir sem taka við verkefninu hafi bæði brennandi áhuga og nægan tíma til að sinna því vel. Samkvæmt leiðbeiningum á að halda réttindaráðsfundi á tveggja vikna fresti auk þess sem fundur er með umsjónaraðilum mánaðarlega.

Þetta er mjög áhugavert verkefni og væri gaman að sjá innleiðingu þess tekna föstum tókum.

## Öryggismál

Í vetur voru öryggismál endurskoðuð í samstarfi við Vinnueftirlitið. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á skólaárinu og hefur skólinn fengið frest til 31. ágúst 2022 til að skila endanlegri öryggisáætlun til Vinnueftirlits.

Hér er að finna greinargerð frá Öryggisnefndinni. Fulltrúar í Öryggisnefnd 2021-2022 voru: Þórarinn Torfi, Snæbjörn, María Erla og Elín Matthildur.

Í október (21. okt.) sátu fulltrúar í Öryggisnefnd ásamt Kristínu aðstoðarskólalastjóra fjarfund með Helgu Bryndísi Kristjánsdóttur hjá Vinnueftirlitinu þar sem farið var yfir gerð áhættumats og öryggisáætlunar.

Í janúar var unnið að gerð áhættumats og gagna aflað um félagslegt vinnuumhverfi. Voru sendar út kannanir til starfsmanna sem unnar voru upp úr vinnuumhverfivísi og skólavísi frá Vinnueftirlitinu. Stjórnendur svöruðu spurningalista, íþróttakennarar svöruðu lista um íþróttaaðstöðu og húsvörður ásamt smíðakennara svöruðu lista um öryggi í smíðastofu.

Í janúar (11. jan.) var fundað með stjórnendum og farið yfir niðurstöður úr könnunum.

Í maí var Öryggisáætlun Grunnskólans í Borgarnesi skilað til Vinnueftirlitsins.

Við fengum ýmsar ábendingar sem brugðist var við (fjarlægð stöng í óheppilegri hæð, slökkvitæki sett í eðlisfræðistofu, öruggar gönguleiðir, athugað með hallandi handrið o.fl. o.fl.)

Við lásum greinar um öryggi á vinnustöðum, skoðuðum öryggisáætlanir hjá öðrum skólum og fyrirtækjum og ræddum ýmislegt sem snýr að öryggismálum.

## Líðan nemenda

Skólapúlsinn mælir m.a. líðan nemenda og skóla- og bekkjaranda.

Skólinn er allajafna um eða rétt undir meðaltali en það sem sker sig úr hér er að vellíðan hefur minnkað frá síðasta skólaári en þrautseigja og áhugi á náttúrufræði hefur aukist, svo dæmi sé tekið. Niðurstöðurnar má finna í heild í í heimasíðu skólans undir Skólinn/Gæðamál/Skólapúlsinn.

## Samstarf heimila og skóla

Í þróunarverkefninu „Saman getum við meira“ sem fræðslustjóri hafði forgöngu með árið 2018 hafa verið teknar nokkrar áherslur s.s. bættur bekkjarbragur og líðan nemenda. Skólaárið 2020 – 2021 var hafin vinna við að efla þátt foreldra í skólastarfinu. Það verkefni hefur farið hægt í gegnum Covid tímabilið en engu að síður þurfti gott samtal við heimilin þá þeim tíma.

Haustið 2021 var hafin formleg vinna við verkefnið og gerð markmiðsett áætlun í því sambandi.



## Nám og námsárangur

Skólanámskrá skólans er í takt við aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðum 4.,7. og 10. bekkjar er raðað niður á árganga, Borgarnes hæfniviðmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat frá upphafi skólagöngu og að nemendur nái hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Kennarar vinna námsáætlanir út frá hæfniviðmiðum skólanámskrár. Þar koma fram þeir námsþættir sem teknir eru fyrir, námsefni, námsgögn og námsmat. Kennslulotur eru settar upp í öllum námsgreinum í Mentor og hæfniviðmið / matsviðmið metin jafn og þétt yfir skólaárið þannig að foreldrar, nemendur og kennarar geti séð framvindu náms. Hægt er að skoða hæfnikort nemenda inni á mentor.is.

Val á áherslum hvað varðar nám og kennslu byggist á ytra mati sem gert var í febrúar 2021. Hér eru þessir þættir nefndir og staðan í vinnunni tilgreind, auk þess sem fjallað er um íslensku sérstaklega og niðurstöðu úr Lesfimi.

- Skrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu. Ekki var farið í vinnu varðandi grunnþætti menntunar á liðnu skólaári en stefnan tekin á að vinna að þessu næsta haust. Lykilhæfnin var endurskoðuð og unnið með hana á skólaárinu. Metið verður hvernig hafi tiltekist í haustið 2022.
- Huga þarf að hvað veldur miklum sveiflum á árangri. Farið var í að skoða hvað gæti valdið þessum sveiflum og niðurstöður rýndar af stjórnendum. Áfram verður unnið að þessum þætti á komandi skólaári.
- Sjá til þess að nemendur sem veljast í nefndir og ráð fái til þess þjálfun og sé gert fært að kynna fyrir samnemendum það sem þar fer fram. Nemendur í stjórn NFGB fengu kynningu og leiðbeiningar um þeirra hlutverki í stjórn. Stjórnarmenn fara inn í bekk og kynna þau verkefni sem eru í gangi.

## Íslenska - lestur

Lestur er mikilvægur þáttur í öllu námi barna og því lögð áhersla á að efla lestrarfærni þeirra á öllum námsstigum. Skólinn nýtir sér ýmsar aðferðir við lestrarkennslu m.a. Byrjendalæsi, Fimmuna (e. Daily five), paralestur, yndislestur, lestrarátök o.fl. Skráning og utanumhald heimalesturs er í öllum árgöngum á yngsta- og miðstigi skólans. Mikið er unnið með lesskilning á öllum stigum.

Árangurinn er síðan metinn m.a. með lesskilningsprófinu Orðarún sem er notað til að meta lesskilning í 3. til 8. bekk. Einnig nýtir skólinn lesfimiþróf Menntamálastofnunar en í lestrarstefnu leik og grunnskóla Borgarbyggðar, <https://grunnborg.is/skolinn/lestrarstefna/>, er tiltekið að leggja skuli lesfimiþróf MMS fyrir í öllum árgöngum.


Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir eru meðal undirstöðupátta fyrir lesskilning. Nákvæmni felst í að nemendur lesi orði rétt, leshraði lýtur að sjálfvirkni í lestri og hrynræni þættir að áherslum og hrynjandi. Í lesfimiþrófunum eru metnir tveir fyrstnefndu þættirnir, þ.e. lestrarnákvæmni og leshraði en matskvarði fyrir síðastnefnda

Grunnskólinn í Borgarnesi nýtir sér lesfimiþróf MMS og þau viðmið sem þar eru sett fram. Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang í tveimur útgáfum, alls 20 próf. Þau eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Prófinu er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára og til að auðvelda eftirfylgni og aðgerðir til umbóta þar sem þeirra er þörf.

Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hver og einn nemandi á sinn lesferil sem spannar alla grunnskólagöngu hans og flyst með honum milli skóla.

### Niðurstöður lesfimiþrófa

Stefnt er að því að allir nemendur innan skólans taki lesfimiþróf MMS hvort sem um umtalsverða lestrarörðugleika er að ræða eða ekki. Eins og sjá má á mynd 1 er mælist þátttaka nemenda meiri í öllum árgöngum skólans nema einum en er á landsvísu.




Þátttaka nemenda Grunnskólans í Borgarnesi miðað við landið, maí 2022.

Markmiðið er að meðaltal hvers árgangs sé allavega yfir landsmeðaltali. Samkvæmt MMS skal stefnt að því að meðaltal hvers árgangs verði sem næst viðmiðum 2 að vori. Eftirfarandi myndir og töflur sýna niðurstöður lesfimiþrófa í maí 2022 (mynd 2 og 3).

Á mynd 2 má sjá meðaltal lesinna orða í hverjum árgangi. Viðmiðin eru tilgreind með gráum línunum en meðaltal lesinna orða hjá hverjum árgangi í skólanum með blárrí línunni. Rauða línun sýnir hinsvegar meðaltal lesinna orða á öllu landinu.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Grunnskólinn í Borgarnesi, maí 2022



Mynd 2. Meðaltal lesinna orða á mínútu í Grunnskólanum í Borgarnesi (bláa línan), meðaltal lesinna orða á mínútu á landinu öllu (rauða línan) og viðmið 1, 2 og 3 (gráar línur) eftir árgöngum. Maí 2022.

Allir árgangar lesa mun fleiri orð að meðaltali en viðmið eitt gerir ráð fyrir og tveir árgangar ná viðmiði tvö.


Á yngsta stigi má sjá að annar og fjórði árgangur hafa náð viðmiði 2 og eru yfir landsmeðaltali. En bæði fyrsti og þriðji eru undir viðmiði tvö og einnig undir landsmeðaltali, þriðji árgangur þó einungis rétt undir.

Á miðstigi eru fimmti og sjöundi árgangur undir viðmiði 2 en báðir bekkir yfir landsmeðaltali. Sjötti árgangurinn er hinsvegar nokkuð langt frá því að ná viðmiði 2 en er á landsmeðaltali.

Enginn árgangur á elsta stigi nær viðmiði 2 en þó eru þeir ekki langt frá því í 9. bekk. Áttundi árgangurinn er undir landsmeðaltali, níundi yfir og tíundi á landsmeðaltali.

Á mynd 2 má sjá hlutfall nemenda í hverjum bekk sem náðu viðmiði 1 (gulur), 2 (grænn) og 3 (blár) og einnig hlutfall þess hóps sem ekki náði lægsta viðmiði (rauður) nú í maí 2020. Fremsta súlan sýnir markmið um viðmið að vori.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Grunnskólinn í Borgarnesi, maí 2022



Mynd 3. Hlutfall nemenda sem lenda undir viðmiðum 1, milli viðmiða 1 og 2, milli viðmiða 2 og 3 og þeirra sem ná viðmiðum 3 og yfir. Á fremstu súlu má sjá hlutfallsviðmið MMS. Maí 2022.

Hlutfall nemenda sem eru undir viðmiði 1 fer yfir viðmið Menntamálastofnunar í öllum árgöngum.

Í öllum árgöngum eru nemendur sem ná viðmiði 3 (blár) núna í maí og eru fjórir árgangar sem fara yfir viðmið þau sem Menntamálastofnun setur sem markmið.

### Samræmd próf

Menntamálastofnun felldi niður öll samræmd könnunarpróf á þessu skólaári.

### Innra mat

Unnið er að því að gera langtímaáætlun sem byggir á þáttum sem fram koma í ytra mati skólans. Innra mat og skipulag þess verður einn þátturinn sem tekinn verður til endurskoðunar á komandi skólaári. Viðræður hafa verið við fræðslustjóra um hvort móta eigi línu í innra mati skólastofnana í sveitarfélaginu og verður þeirru umræðu haldið áfram á komandi skólaári.

Í umbótaáætlun má sjá þá þætti sem unnið verður að á næstu fjórum árum og er vinna hafin í eftirtöldum þáttum:

- Í ytra mati segir; *Setja þarf fram aðgerðaráætlun sveitarfélags og skóla vegna skólastefnu Borgarbyggðar til þriggja ára eins og kveðið er á um í stefnunni.* Staðan er sú að skólastefna Borgarbyggðar er í endurskoðun undir forystu fræðslustjóra. Um leið og endurskoðun er lokið verður sett fram aðgerðaráætlun í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í skólastefnu sveitarfélags.
- Í ytra mati segir: *Sjá til þess að allir hagsmunaaðilar fái kynningu á niðurstöðum innra mats.* Matið verður birt á heimasíðu skólans og sent fræðslunefnd og fræðslustjóra.

## Skólabragur

Þeir þættir sem voru teknir út úr Ytra mati hvað varðar skólabrag og ákveðið að vinna að á þessu skólaári voru eftirfarandi:

- *Að vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hvað þau standa fyrir.* Það hefur verið markmið hjá skólastjórendum að endurskoða einkunnarorð skólans og fá foreldra og nemendur að þeirra vinnu. Vegna Covid þá hefur það ekki tekist. Í markmiðum rýnihóps kemur fram að leggja áherslu á að gera einkunnarorð skólans sýnilegri innan skólans þannig að allir geri sér grein fyrir þeim, þekki þau og skilji. Ekki tókst að fara í þá vinnu þarf sem ekki var búið að endurskoða einkunnarorð.
- *Að virkja nemendur og foreldra til að móta stefnu um jákvæðan skólabrag.* Í tillögum rýnihópsins er stefnt að því að opna skólann aftur fyrir foreldrum (eftir covid) þannig að þeir hafi meira að segja um starfið. Í gangi er þróunarverkefni undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar varðandi foreldrasamstarf og er fjallað um það hér fyrir.
- *Að endurskoða skólareglur í samvinnu við alla fulltrúa skólasamfélagsins.* Vinna við þetta er hafin í rýnihóp skólans. Rýnihópurinn lagði fram tillögu að breytingum til skólastjórnenda. Unnð er að endurskoðun á skólasóknarreglum Borgarbyggðar og því þykir rétt að taka mið af þeim við endurskoðun á reglum skólans. Verkefnið er þ.a.l. í biðstöðu eins og er.

Í starfsmannaviðtölum var starfsfólk spurt um hvaða styrkleika vinnustaðurinn hefði og hvað þeir teldu að þyrfti að laga. Hér eru niðurstöður þess.

### Styrkleikar

- Góð vinnuaðstaða
- List- og verkgreinakennsla
- Mannauðurinn; fagmennska, lausnamiðun, metnaður, hjálpsemi og jákvæðni
- Samheldin starfsmannahópur og góður starfsandi
- Stuðningur samstarfsmanna og stjórnenda
- Sveigjanlegir stjórnendur
- Traust stjórnenda til starfsmanna

### Veikleikar

- Bæta tæknimál - fleiri tölvur og lpada
- Efla samstarf milli stiga og við MB og leikskólana
- Eftirfylgni við nýtt starfsfólk
- Kennsla og utanumhald við erlenda nemendur
- Skólalóð
- Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri og sýna áhuga á starfinu á gólfinu.
- Upplýsingaflæði vegna sérstakra nemenda
- Vera Frístundar í skóla
- Vinnurými í skóla fyrir sérkennara og íþróttakennara
- Þrengsl á yngsta stigi

## Úrbótaáætlun

Úrbótaáætlun sem byggð er á niðurstöðum úr ytra mati skólans.

Umbótaþáttur	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat
Vegna stjórnunar og forystu: Virkja alla hagsmunaaðila við stefnumótun og leita eftir hugmyndum foreldra um sýn og stefnu skólans.	Að aðilar úr skólasamfélaginu komi að stefnumótun og mikilvægum ákvörðunum um skólastarf. Á fyrsta fundi skólaráðs verður þetta rætt og fengnar tillögur að leiðum til úrbóta. Einnig verður þetta lagt fyrir kennarar á kennarafundi og foreldrafélags skólans til umsagnar.	Haustið 2022	Vorið 2023	Skólastjórnendur	Endurmat um áramót 2022 - 2023
Vegna stjórnunar og forystu: Vinna þarf markvisst að því að efla og auka samstarf við foreldra.	Þróunarverkefni undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar varðandi foreldrasamstarf er nú þegar hafið.	Haustið 2021	Vorið 2024	Skólastjórnendur og kennarar	Staða tekin um jól og að vori fram til vors 2024.
Vegna náms og kennslu: Skrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu.	Rýnihópur vinnur verkefnið líkt og gert var með lykilhæfni fyrr á árinu.	Haustið 2022	Vorið 2023	Rýnihópur	Endurmat um áramót 2022 - 2023
Vegna innra mats: Velja matsþætti og gera heildarumbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.	Velja matsþætti út frá stefnu og markmiðum skólans og meta í innra mati.	Haustið 2022	Vorið 2023	Innramatsteymi og skólastjórnendur	Endurmat um áramót 2022 - 2023
Vegna innra mats: Fulltrúar allra hagsmunahópa sitji í matsteymi og geti þannig haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.	Skípa innramats teymi með fulltrúum allra hagsmunahópa.	Haustið 2022	Um áramót 2022 - 2023	Skólastjórnendur	Endurmat um áramót 2022 - 2023
Vegna skólabrags: Vinna markvisst með einkunnarorð skólans þannig að ljóst sé hvað þau standa fyrir.	Gera einkunnarorð skólans sýnilegri innan skólans. Umsjónarkennarar vinni með orðin og tengi þau við bekkjarsáttmála bekkjarins.	Haustið 2022	Vorið 2024	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Endurmat vorið 2023

## Langtímaáætlun um innra mat

Matsáætlun til fjögurra ára er í smíðum og verður fullgerð á komandi hausti. Meðfylgjandi er úrbótaáætlun sem rýnihópur skólans vann haustið 2021 vegna ytra mats. Á henni verður langtímaáætlun byggð og unninn haustið 2022.